



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 9. maí 2016 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri.

Formaður bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 11. apríl 2016.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.*

2. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

*Umsagnarfrestur rann út 22. apríl 2016. Engar athugasemdir bárust.  
Byggingafulltrúa falið að senda deiliskipulagið til Skipulagsstofnunar til staðfestingar, skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

3. 1502026 – Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal.

*Umsagnarfrestur rann út 22. apríl 2016. Engar athugasemdir bárust.  
Byggingafulltrúa falið að senda deiliskipulagið til Skipulagsstofnunar til staðfestingar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

4. 1605006 – Brekka 139543, umsókn um stofnun lóðar Brekka 1.

Uppdráttur lóðar frá Landslagi ehf., umsókn frá Einari Hafliðasyni f.h. Fremri-Gufudals sf.

*Nefndin samþykkir umsókn um stofnun lóðar Brekku 1, úr landi Brekku 139543. Samþykkt samhljóða.*

5. 1605007 – Bogaskemma 139744, lóðarblað.

Lóðarblað teiknað af Landmótun fyrir Reykhólahrepp.

*Nefndin samþykkir framlagt lóðarblað vegna lóðarinnar Bogaskemmu í Flatey, sem er í eigu sveitarfélagsins. Mörk lóðar fara skv. gildandi deiliskipulagi um Flatey. Samþykkt samhljóða.*

6. 1604016 – Stöðuleyfi spennaskýlis á Tröllenda í Flatey.

Erindi frá Orkubúi Vestfjarða dagsett 15. apríl 2016.

*Nefndin samþykkir að veitt verði stöðuleyfi fyrir 3,3 fermetra skýli sem kemur í stað götuskáps á svæði Orkubús Vestfjarða á athafnasvæði við Tröllenda. Samþykkt samhljóða.*

7. 1605008 – Hafnasambandsþing 2016.

Fundarboð frá Hafnasambandi Íslands dagsett 4. maí 2016.

*Nefndin leggur til að sveitarstjórn taki ákvörðun um hvort senda eigi fulltrúa á þingið. Samþykkt samhljóða.*

8. 1605015 – Barmahlíð 139722, framkvæmdir á lóð.

*Farið yfir tillögur að göngustígum og umhverfisbótum við dvalarheimilið Barmahlíð. Nefndin fór yfir tillögurnar, nefndin gerir athugasemdir við staðsetningu gróðurhúss, vegna ríkjandi vindáttar, einnig gæti verið ástæða til þess búa til skjól fyrir vindi við SA-horn Barmahlíðar.*

*Þá hefur ekki verið gert ráð fyrir reykingaaðstöðu utandyra. Þá hefur nefndin áhyggjur af halla þar sem stígur er á milli Barmahlíðar og Heilsugæslu. Þá vill nefndin sjá skjólbelti með göngustíg sem fer með Hellisbrautinni. Nefndin samþykkir að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir stígagerð. Samþykkt samhljóða.*

Mál til kynningar:

9. 1605014 – Hellisbraut 72 139721, stækkun verslunarhúsnæðis.

*Fyrir nefndina voru lögð fram drög að mögulegri stækkun á verslunarhúsnæði við Hellisbraut 72. Lagt fram og kynnt.*

10. 1604004 – Vindorka og skipulagsmál í Flatey.

Erindi frá Orkubúi Vestfjarða dagsett 4. apríl 2016.

*Erindi lagt fram og kynnt. Nefndin telur að leggja eigi áherslu á sæstreng til Flateyjar, það sé varanlegasta og besta lausnin til að fullnægja orkuþörf eyunnar til framtíðar. Samþykkt samhljóða.*

11. 1605009 – Fundargerð fundar Umhverfisstofnunar með hafnaryfirvöldum á Vestfjörðum um uppbyggingu mengunarvarnabúnaðar í höfnum.

Fundur haldinn á Ísafirði 10. apríl 2016.

*Lagt fram og kynnt.*

12. 1603003 – Fundargerð 384. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, ársreikningur 2015.

*Lagt fram og kynnt.*

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____